

# Grunnur að opnun íslenska hagkerfisins á sjöunda áratugnum

Bókarhöfundur: **Benjamín H. J. Eiríksson.**

Bókarheiti: **Outline of an Economic Theory.**

Inngangur: **Gylfi Zoëga**, prófessor í hagfræði.

Gagnrýnandi: **Jóhannes Hraunfjörð Karlsson**, doktorsnemi í hagfræði.

Útgáfa: **Háskólaútgáfan, Reykjavík 2012, 372 bls.**

## Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu dr. Benjamíns H. J. Eiríkssonar var ráðist í endurútgáfu doktorsritgerðar hans. Benjamín tilheyrir fjórðu kynslóð austuríska skólans, en upphafsmaður hans er Carl Menger. Þetta er mikið verk, 372 blaðsíður sem skiptist í 28 kafla. Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði, setur verkið síðan í hagsögulegt samhengi með inngangi sínum. Meginviðfangsefni doktorsritgerðar Benjamíns eru peningar, vextir og hagsveiflur og er mikill fengur að útgáfunni núna fyrir alla áhugamenn um peningahagfræði.”

## Peningar, vextir og hagsveiflur

Dr. Benjamín Hafsteinn Jón Eiríksson varði doktorsritgerð sína, *The Nature of Interest and Money*, við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum árið 1946. Árið 1954 gaf Ragnar í Smára út aukna og viðameiri útgáfu hennar undir heitinu *Outline of an Economic Theory* hjá Helgafelli. Í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Benjamíns var ráðist í endurútgáfu ritsins. Inngangur er eftir Gylfa Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

Benjamín átti mjög viðburðaríka ævi, sem hafði mikil áhrif á Íslandssögu 20. aldar- og enn er verið að fjalla um. Hann fæddist í Hafnarfirði 19. október 1910 og lést í Reykjavík 23. júlí 2000. Foreldrar hans voru Eiríkur Jónsson (1856–1922) sjómaður, og kona hans, Sólveig Benjamínsdóttir (1867–1949). Hann giftist Kristbjörgu Einarsdóttur (1914–1973) á jóladag 1949 og eignuðust þau fimm börn. Eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1932 stundaði Benjamín nám í Berlín, Stokkhólmi, Uppsöllum og Moskvu, og lauk fil. kand.–prófi frá Stokkhólmsháskóla 1938 í hagfræði, tölfræði og slavneskum málum og bókmenntafræði 1938. Hann var við MA-nám í hag-



fræði og stjórnmálafræði í Minneapolis í Bandaríkjunum 1942–1944 og lauk, eins og áður sagði, doktorsprófi í hagfræði frá Harvard-háskóla 1946. Leiðbeinandi hans var Austurríkismaðurinn Joseph Schumpeters (1883–1950), sem tilheyrði þriðju kynslóð austurríska skólans, en austurríski skólinn rekur upphaf sitt til hagfræðingsins Carls Menger (1840–1921). Aðrir hagfræðingar af þriðju kynslóð austurríska skólans voru þeir Ludwig von Mises (1881–1973) og Friedrich von Hayek (1899–1992).

Framlag austurríska skólans til hagfræðinnar hefur dýpkað og aukið skilning manna, bæði á hagfræðinni sem fræðigreinin og á efnahagslífinu almennt. Hér má nefna hugtök eins og fórnarkostnað, fjármagn og vexti en fylgismenn skólans hafna því að framboð og eftirspurn stjórnri vaxtastiginu; áhrif fjárfestinga á hagsveiflur og hvernig seðlabankar geta takmarkað þær; hvernig aukið fjármagn í umferð, sem hvorki er byggt á aukinni vöruframleiðslu né aukinni þjónustu, leiðir til verðbólgu. Jafnframt aðhyllast fylgismenn skólans markaðshagkerfi og hafna áætlunarbúskap. Þeir Hayek og Mises voru t.d. helstu átrúnaðargóð Margrétar Thatchers (1925–2013), fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands.

Það var franski hagfræðingurinn Léon Walras (1834–1910) sem lagði grunninn að hagsveiflukenningu Schumpeters með lögmáli sínu um almennt jafnvægi en Walras byggði hana á líkani samlanda sína François Quesnay (1694–1774), töflunni eins og hún jafnan kölluð, sem lagði grunninn að búauðgisstefnunni og hafði mikil áhrif á Íslandi í lok 18. aldar. Í doktorsritgerð sinni vinnur Benjamín áfram með hugmyndir Walras en þar útskýrir hann hlutverk peninga og vaxta og orsakir hagsveiflna.

Þetta er mikið verk, 372 blaðsíður sem skiptast í 28 kafla. Fyrstu 19 kaflarnar, að frátöldum 11. kafla, eru doktorsrit Benjamíns óbreytt, en hina kaflana skrifaði hann sem sérstakar greinar. Gylfi Zoëga setur verkið síðan allt í hagsögulegt samhengi með innangangi sínum.

Framlag austurríska skólans til hagfræðinnar er merkilegt og er þetta verk Benjamíns mjög í anda hans. Öll hugtök og hugmyndafræði eru vel útskýrð og verður þessi endurútgáfa vonandi til að endurvekja áhuga á hugmyndafræði og stefnu skólans, sem hefur átt undir högg að sækja sakir mikils áhuga manna á stefnu Keynes lávarðar.

Benjamín starfaði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington eftir doktorsprófið en kom hingað til lands á hans vegum árið 1949 fyrir orð Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra. Bæði efnahags- og pólitískt ástand á Íslandi var þá mjög svipað því sem nú er. Haftastefnan sem fylgdi heimskreppunni 1930, að frátalinni efnahagsbólunni á stríðsárunum 1940–1945, var þá allt að kæfa. Þessu ástandi fylgdi gífurleg spilling og ólga á vinnumarkaði, sem drap allt í dróma. Hugmyndir Benjamíns fengu ekki hljómgrunn meðal íslenskra stjórnmálamanna þá en þær lögðu grunninn að opnun íslenska hagkerfisins í byrjun sjöunda áratugarins.

Benjamín er án efa einn merkasti hagfræðingur Íslendinga á 20. öldinni og því mikill fengur að þessari bók. Ekki síst er það umfjöllun hans um hlutverk, gildi og eðli peninga. Þar greinir hann annars vegar á milli löngunar í peninga *per se* og löngunar í þá vöru og þjónustu sem fæst fyrir peninga og hins vegar áhrifa aukins peningamagns í umferð á hagkerfið. Jafnframt fjallar hann um efnahagsstjórnun í kreppu en allt eru þetta viðfangsefni sem mörgum væri nú hollt að rifja upp.